



Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 7. mars 2021
Tilv.: SRN20110023/4.13.1

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu hefur borist erindi minnihluta sveitarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar þar sem óskað er eftir að ráðuneytið taki stjórnslu sveitarfélagsins til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Í erindinu, sem er hjálagt, koma fram þau sjónarmið að málsmeðferð sveitarfélagsins vegna sölu á eignarhluta þess í HS veitum, hafi ekki verið í samræmi við sveitarstjórnarlög. Er því m.a. haldið fram að ákvörðun sveitarfélagsins um að bjóða hlutinn til sölu teljist vera fullnaðarákvörðun í skilningi 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og því hafi þurft samþykki bæjarstjórnar til slíkrar ákvörðunar. Þá hafi þurft aðkomu bæjarstjórnar eða bæjarráðs sveitarfélagsins að ákvörðun sveitarfélagsins um að fela Kvikubanka að annast sölufarlið á eignarhlutum.

Óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um framangreind atriði í þessu tiltekna máli í stjórnslu sveitarfélagsins á grundvelli 113. gr. sveitarstjórnarlaga og skulu umbeðnar upplýsingar berast ráðuneytinu eigi síðar en miðvikudaginn 31. mars n.k. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort að málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra

Hermann Sæmundsson

Björn Ingi Óskarsson